



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í
GARÐABÆ 4. FUNDUR Á VORÖNN 2017
MIÐVIKUDAGINN 1. MARS KL.13:15**

1. Bréf o.fl. erindi.

A. Umsóknir um leyfi: Sjá minnisblað

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 96% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Samþykkt var tillaga um að 4 nemendur fari í bann á alla viðburði og ferðir á vegum NFFG út skólaárið.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Árshátíð nemenda gekk vel. FG keppir við Kvennaskólann í Gettu betur 10. mars í sjónvarpssal. Stefnt er á skíðaferð til Akureyrar 15.-17. mars. Rætt var um leiðir til að bæta upplýsingagjöf til nemenda frá stjórn NFFG.

3. Önnur mál

Enn þarf að bæta umgengni í matsal nemenda.

Fundinn sátu:

Anna G. Hugadóttir náms- og starfsráðgjafi
Anna Jeeves fulltrúi kennara
Bjarki Steinn Þórisson fulltrúi NFFG
Elísabet Siemsen skólameistari
Edith Edda Unnsteinsdóttir fulltrúi kennara
Freymar Örn Ómarsson gjaldkeri NFFG
Guðmundur Stefán Gíslason
Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir áfangastjóri
Petrún Björg Jónsdóttir forvarnafulltrúi
Snjólaug Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari
Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi
Unnur Símonardóttir náms- og starfsráðgjafi